



## Alþýðusamband Íslands

18. febrúar 2009

### **Miðstjórn ASÍ skorar á þingmenn að hætta dægurþrasi og fara vinna**

Miðstjórn Alþýðusambands Íslands beinir þeirri eindregnu áskorun til Alþingis og ríkisstjórnar að grípa þegar til markvissra aðgerða til aðstoðar heimilum og fyrirtækjum í landinu. Það er ekki boðlegt að á meðan hriktir í grunnstoðum samfélagsins og fjölskyldum og fyrirtækjum blæðir, horfi þjóðin upp á karp og hráskinnaleik á Alþingi sem engu máli skiptir og engu skilar. Slík lítilsvirðing við þjóðina er ekki líkleg til að auka tiltrú hennar á stjórnámálamönnum en trúverðugleiki þeirra skiptir einmitt sköpum í því endurreisnarstarfi sem framundan er. Miðstjórn Alþýðusambandsins hvetur alþingismenn til að snúa sér að því sem skiptir máli. Þjóðin er í vanda. Verkefnið er mörg og aðkallandi og úrlausn þeirra þolir enga bið.